



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ASHKENAZY OG NOBU



20. APRÍL 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV og verða sendir út fimmtudaginn 26. apríl næstkomandi.

Tónleikarnir eru teknir upp af japönsku sjónvarpsstöðinni BS Fuji INC.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Píanókoncert: 33'

Sinfónía: 60'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



FOS 20 APR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

ASHKENAZY OG NOBU

Vladimir Ashkenazy

hljómssveitarstjóri

Nobuyuki Tsujii

einleikari

EFNISSKRÁ

Frédéric Chopin

Píanókonsert nr. 2 í f-moll, op. 21 (1829–30)

Maestoso

Larghetto

Allegro vivace

Hlé

Sergej Rakhmanínov

Sinfónía nr. 2 í e-moll, op. 27 (1906–7)

Largo - Allegro moderato

Allegro molto

Adagio

Allegro vivace

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



ÁGÆTI TÓNLEIKAGESTUR

Í nóvember 2018 mun Sinfóníuhljómsveit Íslands halda í þrjú vikna tónleikaferð til Japans undir stjórn heiðursstjórnanda hljómsveitarinnar, Vladimirs Ashkenazy. Ferðin er farin í þeim tilgangi að kynna land og þjóð og um leið halda upp á og heiðra það farsæla og áralanga samstarf sem hljómsveitin hefur átt við Ashkenazy, einn virtasta og dáðasta tónlistarmann heims. Framlag Ashkenazys til íslensks tónlistar- og menningarlífs er ómetanlegt sem sést best á því að hann er bæði aðalheiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og heiðursforseti Listahátíðar í Reykjavík. Í gær, sumardaginn fyrsta, var hann sæmdur stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu af forseta Íslands á Bessastöðum fyrir störf sín.

Alls heldur hljómsveitin 12 tónleika í Japan, meðal annars í Tokyo, Sapporo, Hiroshima og Osaka. Með í för verður einleikari kvöldsins, Nobuyuki Tsujii. Nobuyuki er stórstjarna í heimalandi sínu. Þrátt fyrir að vera blindur frá fæðingu var hann undrabarn á hljóðfærið og lærir jafnvel erfiðustu verk píanóbókmenntanna eftir heyrn. Í farteskinu verða tvær ólíkar efnisskrár og í kvöld hljómar sú fyrri sem eins konar upphitun fyrir það sem í vændum er. Auk verkanna sem hljóma í kvöld verður leikinn í ferðinni píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov, símfónía nr. 2 eftir Sibelius auk *Jökulljóðs* eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Eins og gefur að skilja er mikil eftirvænting í loftinu fyrir ferðinni sem hefur átt sér langan aðdraganda en segja má að formlegur undirbúningur hefjist í kvöld.

Ég bið ykkur vel að njóta.

Arna Kristín Einarsdóttir,
framkvæmdastjóri



VLADIMIR ASHKENAZY

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Vladimir Ashkenazy hefur nú í ríflega sex áratugi verið í hópi fremstu píanóleikara, eða allt frá því hann komst á verðlaunapall í þremur virtustu tónlistarkeppnum heims. Hann hlaut önnur verðlaun í Chopin-keppninni í Varsjá árið 1955 og fyrstu verðlaun bæði í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel 1956 og Tsajkovskíj-keppninni í Moskvu 1962.

Ashkenazy á að baki glæsilegan feril í hljóðverinu. Hann hefur hljóðritað flest höfuðverk píanóbókmenntanna og meðal nýlegra hljómdiska hans eru sjaldheyrð einleiksverk eftir Rakhmanínov og *Diabelli*-tilbrigði Beethovens. Ashkenazy hefur hlotið sex Grammy-verðlaun, m.a. sem besti einleikari með hljómsveit (píanókonsertar Beethovens með Georg Solti, 1974), fyrir bestu kammerhljóðritun (fiðlusónötur Beethovens með Itzhak Perlman, 1979), og besta einleiksdisk (prelúdíur og fúgur Shostakovitsj, 2000).

Undanfarna áratugi hefur orðstír Ashkenazys sem hljómsveitarstjóra vaxið stöðugt, allt frá því að hann steig sín fyrstu skref á þeirri braut með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1972. Hann hefur verið aðalstjórnandi hjá virtum hljómsveitum á borð við Konunglegu filharmóníusveitina í London og Tékknesku filharmóníusveitina. Árið 2009 tók Ashkenazy við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar í Sídney í Ástralíu, en hann hefur auk þess starfað með flestum frægustu hljómsveitum heims sem geststjórnandi.

Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur undanfarin ár stjórnað henni í meistaraverkum tónbókmenntanna, meðal annars *Draumí Gerontiusar* eftir Elgar, *Stríðssálumessu* Brittens, 9. sinfóníu Mahlers, 9. sinfóníunni og *Missa solemnis* eftir Beethoven. Þá flutti hann allar sinfóníur Brahms með hljómsveitinni í sérstökum „Brahms-hring“ á árunum 2014–17.

Þrátt fyrir langan starfsferil heldur Ashkenazy fullu starfsþreki. Sem dæmi þá bíða hans sem hljómsveitarstjóra 24 tónleikar með 17 efnisskrám í þremur Evrópulöndum, auk Japan, Kína og Ástralíu, áður en undirbúningur fyrir tónleikaferð Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefst í nóvember í haust.



NOBUYUKI TSUJII


EINLEIKARI

Japanski píanóleikarinn Nobuyuki Tsujii hreppi gullverðlaun í Van Cliburn-píanókeppninni árið 2009 og er í dag í hópi fremstu píanista samtímans. Hann nýtur virðingar fyrir innblásna og ástríðufulla túlkun, gífurlega tækni og litríkan tón úr slaghörpunni.

Hann hefur haldið einleikstónleika í helstu tónleikasölum vestanhafs og austan þar á meðal í New York, Washington D.C., í Boston, Vancouver, London og Berlín. Nobu hefur verið gestur helstu hljómsveita víða um heim, meðal þeirra er Hljómsveit Mariinsky-leikhússins í St. Pétursborg, Philharmonia Orchestra og BBC-filharmónían í London, Konunglega filharmóníuhljómsveitin í Liverpool og sínfóníuhljómsveitirnar í Seattle, Baltimore og Basel. Af hljómsveitarstjórum sem hann hefur unnið með má nefna Valery Gergiev, Vladimir Ashkenazy, Vladimir Spivakov, Juanjo Mena, Vasily Petrenko, Thierry Fischer og Yutaka Sado. Þá hefur Nobu komið fram með helstu hljómsveitum heimalands síns - Japönsku filharmóníunni. NHK-sínfóníunni, Yomiuri Nippon-hljómsveitinni, Tokyo-sínfóníunni og Orchestra Ensemble Kanazawa.

Nobu hljóðritar eingöngu fyrir Avex Classics International-útgáfuna og hefur á undanförnum árum leikið þekkt verk inn á nokkrar metsöluplötur, þar á meðal 2. píanókonsert Rakhmanínovs með Þýsku sínfóníuhljómsveitinni í Berlín, 1. píanókonsert Tsjajkovskíjs með Yukata Sado og BBC-filharmóníunni og *Keisarakonsert* Beethovens með Orpheus-kammerhljómsveitinni. Þá leikur Nobu einleiksverk eftir Chopin, Mozart, Debussy og Liszt sem og sínar eigin tónsmíðar á nokkrum geisladiskum.

Seinna í þessum mánuði leikur Nobuyuki Tsujii 1. píanókonsert Tsjajkovskíjs í tvígang með Fílharmóníuhljómsveitinni í Liverpool undir stjórn Petrenkos og í júní leikur hann G-dúr píanókonsert Ravels með austurrísku Tonkünstler-hljómsveitinni á nokkrum stöðum í Austurríki, m.a. og í Musikverein-salnum í Vínarborg. Þá leikur Nobu síðsumars fjölbreytt einleiksprógramm á útítonleikum í Þýsku borginni Friedrichshafen. Á nýju starfsári biðja hans meðal annars einleikstónleikar í Carnegie Hall og tónleikaferð um Japan með Sínfóníuhljómsveit Íslands og Vladimir Ashkenazy.



FRÉDÉRIC CHOPIN

PIÁNÓKONSERT NR. 2

Frédéric Chopin (1810–1849) fæddist í pólska smáþorpinu Żelazowa Wola sem liggur í 40 kílómetra fjarlægð vestur af Varsjá. Faðir hans var aðfluttur Frakki en móðirin pólsk. Chopin náði barnungur undraverðum tókum á píanóinu og listinni að spinna tónlist af fingrum fram. Þrettán ára gamall hóf hann nám við Konservatóríð í Varsjá og útskrifaðist þaðan í ágúst 1829. Um haustið hóf hann smíði f-moll píanókonsertsins og lauk verkinu í ársbyrjun 1830. Sat hann sjálfur við slaghörpuna við frumflutning konsertsins í Varsjá 17. mars það ár. Gerði tónsmíðin og flutningurinn hinn unga snilling umsvifalaust að þjóðhetju. Um haustið fór Chopin í tónleikaför til Vínarborgar og átti ekki afturkvæmt til heimalandsins meðan hann lifði. Ástæðan var mislukkuð bylting þar sem Pólverjar risu upp gegn stjórn Rússa og settist Chopin að í París árið 1831.

Orðstír undarbarnsins Chopin hafði fyrir löngu borist til Parísar og varð hinn 21 árs píanósnillingur fljótt eftirlæti Parísaraðalsins. Lék hann í salarkynnum á heimilum og hafði auk þess tekjur af nótnáutgáfu. Helsta tekjulind hans var þó kennsla. Réð aðalsfólk hann til að kenna dætrum sínum þótt hann krefðist hærri þóknunar en nokkur annar píanókennari í borginni. Þá komu efnilegir nemendur erlendis frá til að njóta leiðsagnar hans. Með þessu móti gat Chopin framfleytt sér án þess að reiða sig á opinbert tónleikahald sem hann forðaðist eins og heitan eldinn.

Píanókonsertarnir tveir, sem Chopin samdi um tvítugt, eru einu hljómsveitarverkin sem hann samdi. Öll hin verkin eru, með örfáum undantekningum, fyrir einleikspíanó. Tónlist Chopins er fágúð og í henni kveður oft við viðkvæman tón. Mörg verka hans hafa þjóðlegt, pólskt svipmót - einkum masúrkarinn og er síðasti kafli píanókonsertsins nr. 2 gott dæmi um það. Annar kafllinn er angurvært næturljóð sem „er að yfirbragði ýmist skínandi bjart eða fullt af angurværum trega“ - svo vitnað sé í Franz Liszt. Fyrsti kafllinn er aftur á móti yfirmáta glæsilegur og píanóparturinn tilþrífamikill og skrautlegur í besta skilningi þess orðs.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Annar píanókonsert Chopins hljómaði fyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Austurbæjarbíói í október 1958. Einleikari var bandaríski píanóleikarinn Ann Schein en stjórnandi þýski hljómsveitarstjórninn Hermann Hildebrandt. Síðan þá hefur konsertinn hljómað ellefu sinnum á tónleikum hljómsveitarinnar, síðast í desemberbyrjun 2009. Vladimir Ashkenazy hefur tvisvar sinnum áður komið að flutningi verksins hér heima. Stjórnaði hann flutningnum snemma árs 1978 en sat sjálfur við slaghörpuna á eftirminnilegum tónleikum í Háskólabíói á aðventunni 1971 með vin sinn Daniel Barenboim á sviðinu með tónsprotann í hönd.



SERGEJ RAKHMANÍNOV

SINFÓNÍA NR. 2

Sergej Vasiljevitsj Rakhmanínov (1873–1943) fæddist í Starorusskíj-héraðinu nálægt Novgorod í Norður-Rússlandi. Tónlistarhæfileikar hans komu fljótt í ljós og réði móðir hans einkakennara til að leiðbeina honum í píanóleik. Árið 1882 flutti fjölskyldan til Sankti Pétursborgar þar sem drengurinn fékk styrk til náms við tónlistarháskóla borgarinnar. Tölf ára gamall var Rakhmanínov sendur til Moskvu þar sem hann gekkst undir strangt tónlistarnám undir handleiðslu Nikolajs Zverev. Í stórborginni sótti Rakhmanínov tónlistarviðburði og kynntist mörgum af helstu tónlistarmönnum landsins, þar á meðal Anton Rubinstein og Pjotr Tsjajkovskíj. Vorið 1892 lauk hann prófi í tónsmíðum frá Tónlistarháskólanum í Moskvu og hlaut hæstu einkunn og æðstu viðurkenningu skólans sem aðeins tveimur öðrum nemendum hafði áður fallið í skaut.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Önnur sínfónía Rakhmanínovs hljómaði fyrst á tónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands í mars 1973 og stjórnaði franskur hljómsveitarstjórinn Antonio de Almeida flutningnum. Næst stjórnaði Vladimir Ashkenazy sínfóníunni á tónleikum í janúar 1977. Þá var komið að Petri Sakari sem stýrði flutningi verksins í Háskólabíói 18. október 1990 og síðan á fernum tónleikum í Finnlandi og Svíþjóð. Osmo Vänskä stjórnaði sínfóníunni svo tvisvar í apríl 1996 - fyrst hér heima og tveimur dögum síðar í Tívolísalnum í Kaupmannahöfn. Ríflega þremur árum síðar lék Sínfóníuhljómsveitin hljómkviðuna undir stjórn Ricos Saccani en síðast hljómaði hún í Háskólabíói í janúarlok 2008. Stjórnaði var hinn brasilíski John Neschling.

Rakhmanínovs beið annasamur ferill þar sem hann deildi kröftum sínum milli píanósins, hljómsveitarstjórapallsins og tónsmíðanna. Eftir að fyrsta sínfónía hans galt afhroð við frumflutninginn í mars 1897 lagðist Rakhmanínov í þunglyndi sem lamaði sköpunarmátt hans í þrjú ár. Aldamótaárið 1900 leitaði hann sér loks hjálpar og eftir fjögurra mánaða dáleiðslumeðferð hjá geðlækni kom andinn yfir hann. Árið eftir frumflutti hann píanókonsertinn nr. 2 og á næstu misserum samdi hann svo píanóverk, sönglög, sellósónötu og tvær óperur. Haustið 1906 dró Rakhmanínov sig í hlé og flutti með fjölskyldu sinni til Dresden með smíði nýrrar hljómkviðu, aðra sínfóníuna, að markmiði. Henni lauk hann sumarið eftir og stjórnaði sjálfur frumflutningnum í Sankti Pétursborg 26. janúar 1908.

Önnur sínfónía Rakhmanínovs er ægífagur, síðrómantískur tónbálkur með stórum ávölum línunum í tilfinningaríku og oft angurværu tónmálinu. Erú sínfónían og annar píanókonsertinn vinsælustu hljómsveitarverk þessa merka rússneska tónlistarmanns.

Rakhmanínov-fjölskyldan flúði land eftir byltinguna í Rússlandi árið 1917 og settist að lokum að í Bandaríkjunum. Þar gerði Rakhmanínov garðinn frægan sem hljómsveitarstjóri og píanóvirtúós en tónsmíðarnar sátu á hakanum. Af þeim 45 verkum sem hann samdi um ævina urðu aðeins þau 6 síðustu til í nýja heimalandinu.

Sigurður Ingui Snorrason

Á DÖFINNI

FIM 26 FOS 27 APR 19:30




BIÓTÓNLEIKAR AMADEUS

Leikrit Peters Schaffer um ævi og örlög snillingsins Mozarts vakti heimsathygli þegar það var frumsýnt og nokkrum árum síðar sló kvikmynd Milosar Forman öll met. Myndin *Amadeus* hlaut átta Óskarsverðlaun árið 1984 og er almennt talin með bestu tónlistarkvikmyndum allra tíma. Sagan segir frá samskiptum þeirra Mozarts og Salieris í Vínarborg, en Salieri tekur sárt að horfa upp á ótvíræða yfirburði Mozarts í tónlistinni og honum þykir Guð hafa svikið sig með því að útdeila snilligáfunni með þessum hætti. Meðal leikara eru Tom Hulce í hlutverki tónskáldsins og F. Murray Abraham sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir ógleymanlega túlkun sína á Salieri.

Á þessum tónleikum verður kvikmyndin *Amadeus* sýnd með lifandi meðleik Sinfóníuhljómsveitarinnar undir stjórn Ludwigs Wicki. Með nýjustu tækni hefur tónlistin í myndinni verið hreinsuð burt og þannig gefst tækifæri til að upplifa bæði kvikmyndina og stórfenglega tónlist Mozarts með alveg nýjum hætti. Þetta er sannkölluð gæðakvöldstund jafnt fyrir unga sem aldna.

MIB 16 FIM 17 FOS 18 MAI 19:30



SÝNT Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU STRÍÐ

Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands taka höndum saman við uppsetningu á nýstárlegu verki eftir Ragnar Kjartansson og Kjartan Sveinsson. Í verkinu fá áhorfendur að fylgjast með tilfinningaþrungnu dauðastríði þrússnesks 18. aldar hermanna, í rómantískri handmálaðri sviðsmynd og undir dramatískri óperutónlist eftir Kjartan Sveinsson.

Ragnar og Kjartan hafa tvívegis áður unnið sviðsverk í sameiningu, en það var í bæði skiptin fyrir Volksbühneleikhúsið í Berlín. Hið fyrra þeirra var *Kraftbirtingarhljómur guðdómsins*, sem einnig var sýnt í Borgarleikhúsinu, og síðan kom verkið *Krieg* sem sýningin *Stríð* er byggð á.

Ragnar er frægasti nútímalistamaður Íslands og Kjartan Sveinsson hefur um árabíl verið meðal okkar þekktustu tónlistarmanna, fyrst sem hljómborðsleikari í Sigur Rós en undanfarin ár hefur hann starfað að eigin tónsmíðum. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímánn Bjarnason.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

20. APRÍL 2018

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lolli
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Bryndís Pálsdóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Rósa Hrunn Guðmundsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Andrzej Kleina
Pascal La Rosa
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Greta Guðnadóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Hlín Erlendsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Vigdís Másdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júlía Mogensen
Lovísa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Borgar Magnason

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Martin Danek
Daniel Bogorad
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Baldvin Tryggvason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Asbjørn Bruun
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

PÁKUR

Maarja Nuut

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



CURIO
COLLECTION
BY HILTON

Verið velkomin á Reykjavík Konsúlat hótél


Í upphafi síðustu aldar setti Ditlev Thomsen, konsúll, kaupmaður og ferðamálafrumkvöðull, sterkan svip á miðbæ Reykjavíkur með atorku sinni og umsvifum fjölskyldufyrirtækisins. Gestrisni hans, framsýni og alþjóðleg hugsun var annáluð.

Í anda konsúlansins bjóðum við nú gesti velkomna á nýja og glæsilega Reykjavík Konsúlat hótelið sem er í Hafnarstræti á sama stað og Thomsens Magasín stóð fyrrum. Á hótelinu eru 50 glæsileg herbergi og svítur þar sem gestir hafa aðgang að baðhúsi og líkamsræktaraðstöðu. Einnig er þar veitingastaðurinn **Gott Reykjavík** sem býður upp á heilnæma og gómsæta rétti frá morgni til kvölds.

Reykjavík Konsúlat hótél er hluti af **Curio Collection by Hilton**, alþjóðlegri keðju einstakra hótela með sögulega skírskotun. Við hlökkum til að vera partur af nýrri ásýnd miðbæjarins.

REYKJAVÍK
KONSÚLAT
HÓTEL

Hafnarstræti 17-19 | 101 Reykjavík | +354 514 6800 | reykjavikkonsulathotel.is





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA